

## Mál nr. 358/2021

**M og  
V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og  
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs á Fjallabaksleið nyrðri hinn 5. ágúst 2021.****Gögn.**

Málskot móttakið 22.09.2021 ásamt fylgiskjölum.  
Bréf V1, dags. 06.10.2021 ásamt fylgiskjölum 1-3.  
Bréf V2, dags. 11.10.2021.

**Málsatvik.**

Hinn 5. ágúst varð árekstur milli A og B, sem er bílaleigubifreið í eigu M, á Fjallabaksleið nyrðri. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjonanefnd vátryggingafélaganna og var sök skipt til helminga þar sem hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við mætingu bifreiðanna. M fellir sig ekki við þau málalok, og telur B hafa verið í fullum rétti, enda hafi A verið ekið beint framan á B sem hafi enga möguleika átt á að forða árekstri. Vísar M til fyrirbyggjandi myndbands og ljósmynda máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V1 til nefndarinnar kemur fram að aðstæður á vettvangi hafi verið þær að vegurinn liggir í beygju fyrir hrauntungu sem leiði til þess að útsýni sé verulega skert. Þá sé um þröngan malarveg að ræða. Þá komi fram á tjonstilkynningu að B hafi verið ekið á miklum hraða en A á minni hraða. Þá beri hemlaför eftir B með sér að bifreiðinni hafi verið ekið eftir miðjum veginum í aðdraganda áreksturs, og beri að horfa til þess en ekki eingöngu þess hvar B var þegar hún staðnæmdist. Hafi báðir ökumenn því brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 18. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga með því að aka ekki eins langt til hægri og unnt var og með því að gæta ekki að hliðarbili milli bifreiðanna. Þá hafi ökuhraði B verið of mikill miðað við aðstæður, sbr. 1. og 2. mgr. 36. gr. sömu laga. Þar sem hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að sér við akstur á þröngum malarvegi í átt að blindbeygju beri að skipta sök til helminga.

Í bréfi V2 til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að A beri alla sök á árekstri bifreiðanna. Fyrirbyggjandi gögn sýni skýrlega hvernig aðstæður á vettvangi hafi verið, og sé ljóst af þeim að B hafi verið staðsett lengst til hægri á veginum og því ekki verið möguleiki fyrir ökumann hennar að forða árekstri. A hafi hins vegar ekki verið nógu utarlega á veginum en samkvæmt 1. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 beri ökumanni að vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt sé með tilliti til umferðar og aðstæðna. A hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði og sé það meginástæða árekstursins.

**Álit:**

Samkvæmt gögnum málsins var árekstur A og B við nokkuð erfiðar aðstæður, þ.e. við blindbeygju á þröngum malavegi. Við slíkar aðstæður ber ökumönnum sérstök skylda til að haga aksturshraða til samræmis við aðstæður, skv. 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga, sér í lagi c- og g-lið þess ákvæðis. Ekki er ljóst á hvaða hraða bifreiðarnar voru, en fyrir liggur að B var á meiri hraða en A og má af því draga þá ályktun að ökumaður B hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði. Þá verður niðurstaða um að A beri alla sök á árekstri aðila ekki sjálfkrafa byggð á því hvar á veginum B staðnæmdist við árekstur bifreiðanna, enda má ráða af gögnum málsins, þ.e. ummerkjum af vettvangi, að henni hafi verið sveigt nokkuð til hægri í aðdraganda hans. Þegar litið er til afstöðumyndar á sameiginlegri tjonstilkynningu aðila má þá ráða af henni að A hafi verið ekið eftir miðjum vegi í aðdraganda áreksturs, og verður þar með að telja að ljóst sé að ökumaður hennar hafi ekki gætt nægilega að þeim áskilnaði 1. mgr. 18. gr. umferðarlaga að vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti og að það hafi verið meginorsök árekstursins. Verður þó samkvæmt framansögðu að telja að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að sér í aðdraganda áreksturs við þær aðstæður sem voru á vettvangi. Verður því að telja að þeir beri báðir sök á umræddum árekstri. Með hliðsjón af heildstæðu mati á gögnum málsins þykir því rétt að A beri 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri og B 1/3 hluta, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B 1/3 hluta.

Reykjavík 9. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.  
lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir